



28. stjórnarfundur LH

7. júní 2018 kl. 17:00 Austurási Selfossi

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson, Jóna Dís Bragadóttir, Helga B. Helgadóttir, Ólafur Þórisson, Andrea Þorvaldsdóttir, Haukur Baldvinsson úr aðalstjórn, Stefán G. Ármannsson, Sigurjón Rúnar Bragason og Sóley Margeirsdóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Eyþór Gíslason úr aðalstjórn, Magnús Benediktsson og Ingimar Ingimarsson úr varastjórn.

1. Formaður setur fund

2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar

Fundargerðir 26. og 27 samþykktar.

3. Framkvæmdir á Skógarhólum (HBH, JDB)

Umræður um tilboð í framkvæmdir á Skógarhólum sem lagt var fyrir stjórn í tölvupósti á dögnum og ekki samþykkt. JDB og HBH lýstu yfir óánægju sinni með undirtektir stjórnar um að taka ekki þessu tilboði. JDB benti á að það hafi komið fram áætlun í mars og þá var bókað að halda áfram með málið. Nefndi að tilboðið hafi verið hærra en gert var ráð fyrir, en það væri engu að síður nauðsynlegt að fara í framkvæmdir. AP sagði ljóst að það verði að fara í að bæta ystu girðinguna og keyra mól í umhverfið. JDB benti á að talað hafi verið um að fara í verkið í áföngum en nú væri líklegt að við værum búin að missa af þessum verktaka. LÁH talaði um að það væri mikilvægt að fara í framkvæmdir og að fá styrki í verkefnið. Rætt var um hvað hafi þegar verið gert af umsjónaraðilum Skógarhóla og bent á það væri búíð að vera að viðhalda girðingum og það hafi verið keypt rafstöð. Samþykkt var að JDB athugi hvort verktakinn væri til í að fara í þriðja lið tilboðsins sem er malarvinnan. Skoða svo betur tilboðið í girðinguna og leita styrkja. Allir voru sammála um að mesta þörfin væri á malarvinnunni og girðingu á úthringnum. Einnig voru allir sammála um að gera þetta vel. JDB benti á að keppnishlutanum hafi verið sinnt mikið að undaförnu en lítið hafi verið gert til að sinna hinum almenna reiðmanni og fannst það miður. LÁH kallar eftir greinargerð frá umsjónaraðilum Skógarhóla hvað þau hafi gert, JDB athugar það. Starfsmenn skrifstofu athugi möguleika á að sækja um í sjóði og LÁH er tilbúin að vera þar innan handar.

4. Rekstraráætlun og raunkostnaður fyrir 2017 og það sem af er árinu 2018 (HBH, ÓÞ)

Ekki var hægt að fara yfir raunkostnað þar sem ekki hafði náðst að klára bóka allt fyrir fundinn. Rætt var um að bæta verklag á utanumhaldi reikninga og skráningu. Samþykkt var að veita HS starfsmanni skrifstofu skoðunaraðgang að reikningum LH. Lögð var áhersla á að senda út reikninga til félaganna fyrir félagsgjöldum sem fyrst.



5. Staða á verkefnum sem stjórn hefur samþykkt á liðnum misserum (HBH, HS)

Farið var yfir stöðu verkefnalista stjórnar og tilgreint um stöðu þeirra. Þau verkefni sem þarf að koma sem fyrst af stað eru meðal annars:

Laganefnd:

Yfirferð yfir lög og reglur LH

Ný þýðing á keppnisreglum FEIF

Leiðbeiningar fyrir formenn og fulltrúa á landsþingi

Tillögugerð stjórnar, laganefndar LH o.fl.

Framvegis verður send staða á verkefnum vikulega, (föstudagspóstur)

6. Felix (HS, HKG)

Rætt um Felix félagakerfi ÍSí en það hefur verið óáreiðanlegt á síðasta ári og komið upp kerfisvillur. Felix var uppfærður og forritaður upp á nýtt á síðasta ári og það hafa verið að koma upp byrjunarörðuleikar sem nú á að vera að fara að sjá fyrir endann á. Rætt var um að hafa kynningu á Felix á Landsþingi í haust með þeim sem halda utan um hann í hverju félagi.

7. Uppskeruhátíð

Bent var á að óænægja væri með að færa dagsetningu Uppskeruhátíðar LH og BÍ af þeirri helgi sem hefð hefur verið fyrir. Ástæða fyrir tilfærslu síðustu uppskeruhátíðar var að salur og hótél var ekki laust þá helgi og það hafi einnig verið núna auk þess sem BÍ var búin að festa dagsetningu fyrir hrossaræktarráðstefnu 27.október. Ákveðið var að standa við þá dagsetningu sem búið er að gefa út fyrir Uppskeruhátíðina 2018 sem er 27.október en að framvegis skuli Uppskeruhátíðin haldin fyrstu helgina í nóvember.

8. App og Sportfengur

Appið hefur verið í prófun og stjórnarmenn gátu skoðað það sem komið er.

Stjórnarmönnum leist vel á og leggja áherslu á að það verði tilbúið fyrir Landsmót.

9. Landsmót

Almennar umræður um komandi Landsmót. Talað um að svæðið sé að verða mjög flott og næg hesthúspláss í boði. Stjórn kallar eftir nánari upplýsingum til stjórnar LM 2018 hversu margir úr stjórn þurfi að vera með í setningarathöfn og hópreið á Landsmóti.

Ákveðið var að bjóða stjórn FEIF á Landsmót og formönnum Íslandshestafélaga Noðurlandanna.

10. Fundur Norðurlandþjóðanna (LÁH)

Það stendur til að NIHC fundi á Landsmóti, líklega á laugardegi. Nánari tímasetning ákveðin síðar. Á þessum fundi er ætlunin að kynna SportFeng, appið og myndefnið á Worldfeng auk þess að vinna í að gera samkomulag um að Norðurlandþjóðirnar séu ekki



að halda mót á landsmótshelginni eða helgina eftir Landsmót, miðað við að Landsmót sé haldið aðra helgi í júlí annað hvert ár.

11. Valnefnd (samsetning og vinnureglur) (LÁH)

Þessum lið var frestað og ákveðið að taka símafund eftir ca. tvær vikur.

12. Önnur mál

a) 70 ára afmæli LH 2019

Minnt var á að LH á 70 ára afmæli 2019 og hugmyndum um hvernig halda ætti upp á það varpað upp en ekkert ákveðið. Stjórnarmenn ætla að hafa þetta á bak við eyrað og fara svo betur yfir þetta eftir sumarfrí.

b) Kaup á myndefni fyrir erlenda heimildamynd um íslenska hestinn og norræna goðafræði.

Óskað var eftir kaupum á myndbroti úr gömlu Landsmótunum sem nota á í heimildamynd um íslenska hestinn og norræna goðafræði. Stjórn samþykkti sölu á myndefninu og bað skrifstofu að kanna kostnað við að afhenda efnið og hvaða verð er sanngjarnt að setja á myndefnið. Lögð var áhersla á að fylgst væri með því að myndbrotin sem notu verið séu góð þ.e.a.s. ekki myndir sem sýni hestinn á neikvæðan hátt.

c) Peysur fyrir stjórnarmenn

Skrifstofu falið að athuga með verð á peysum fyrir stjórn með logóum sem þarf að vera tilbúið fyrir Landsmót. Stjórnarmenn geti þannig verið sýnilegir á Landsmóti.

d) Uppgjör LM2016

Kallað var eftir uppgjöri frá LM2016 á Hólum

e) Bréf frá stjórn LM2018 til stjórnar LH

Stjórn LM2018 sendi bréf á stjórn LH varðandi samskipti stjórnar LM2018 við GDLH um val á yfirdómara á LM2018. Ákveðið var að stjórn LH óski eftir skýringum frá GDLH um af hverju ekki hafi verið orðið við óskum stjórnar LM2018 um yfirdómara á Landsmóti og svars krafist eigi síðar en þriðjudaginn 12.júní. Í kjölfarið eigi að kalla eftir því að framkvæmdanefnd LM2018 og dómaranefnd LH fundi og skipi í samráði yfirdómara Landsmóts samkvæmt lögum og reglum LH 2.8.2.

Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið um 20:00.

Fundargerð ritaði Hjörný Snorradóttir.